

„Auðvitað erum við hálf galin að fara út í svona stórfyrirtæki en þar er jafnt á komið með okkur,“ segir Michael Jón, hér með Alexöndru og undirleikaranum Risto Laur.

# Rómantíkin á ferð

**Hamraborgin í Hofi á Akureyri mun á morgun óma af söngleikjatónlist í flutningi Alexöndru Chernyshovu, Michaels Jóns Clarke og Risto Laur.**

„Við Alexandra ætlum að skemmta okkur konunglega og vonandi sjá margir sér fært að koma í Hof og skemmta sér með okkur,“ segir Michael Jón þegar hann er spurður út í tónleikana í Hofi klukkan fimm á morgun með Alexöndru Chernyshovu. Þau ætla að flytja sönglög og dúetta úr helstu rómantísku söngleikjunum frá síðustu öld, frá Oklahoma til Óperudraugsins.

„Auðvitað erum við hálf galin að fara út í svona stórfyrirtæki en þar er jafnt á komið með okkur,“ segir Michael Jón. „Svo fáum við einn orkubolta til viðbótar í liðið með okkur, Risto Laur sem lenti nýlega á Akureyri beint frá Eistlandi. Hann er ekki bara píanóleikari, heldur heil hljómsveit.“

Michael Jón er þekktur fyrir flutning á söngleikjatónlist en Alexandra segir það nýja reynslu fyrir sig. „Ég hef meira verið í óperutónlistinni fram að þessu en finnst þetta mjög spennandi,“ segir hún og tekur fram að þau Michael Jón hafi sungið saman áður og þá í óperu.

Söngfuglarnir eru að koma frá því að skemmta heimilisfólki Dvalarheimilisins Hlíðar þegar í þá næst. Alexandra býr á Hofsósi og hefur lagt á sig stíf ferðalög á æfingar síðustu vikur, stundum í misjöfnu veðri og erfiðri færð. „Ég keyri bara rólega ef eitthvað er að veðri en þegar svona stórviðburður er í aðsigi stoppar mig ekkert,“ segir hún. *- gun*

# Leir í öðru og nýju ljósi

**Leirsmiðja ætluð fjölskyldum verður haldin í Ásmundarsafni í dag.**

Myndlistarmaðurinn Haraldur Jónsson stjórnar leirsmiðju í Ásmundarsafni í dag, sem ætluð er fjölskyldum og er hún ókeypis og öllum opin.

Leir hefur komið við sögu í listsköpun Haraldar; síðast á sýningunni Ný aðföng 2006-2010 á Kjarvalsstöðum þar sem gaf að líta verk hans Blindnur, leirform með lukt augu. Undir leiðsögn Haraldar gefst þátttakendum í smiðjunni að vinna með leir á óvenjulegan hátt.

Þess má geta að smiðjan er sett upp í tengslum við tvær sýningar í Ásmundarsafni, Svefnljós, innsetningu Ráðhildar Ingadóttur í Kúlunni og Hugsað í formum, sem sýnir endurgerða vinnustofu Ásmundar Sveinssonar.

Leirsmiðjan hefst í dag klukkan 14.00.



Í smiðjunni verður unnið á óvenjulegan hátt með leir.

















